

Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns Þórs Júlíussonar um fjárhagsfyrirgreiðslu til fyrirtækjanna VBS hf., Saga Capital hf. o.fl.

1. *Hve stór hluti 46 milljarða kr. fjárhagsfyrirgreiðslu sem fyrirtækin VBS hf. og Saga Capital hf. fengu frá ríkissjóði telst nú tapaður?*

Ríkissjóður seldi þessar kröfur til Seðlabanka Íslands sem seldi þær svo til Eignasafns Seðlabanka Íslands ehf. Ríkissjóður hefur afskrifað 192,2 milljarða kr. í heildina vegna krafna á fjármálafyrirtæki.

2. *Hvert er verðmat fjármálaráðuneytisins á eftirstöðvum skuldabréfanna sem fyrirtækin gáfu út og voru að andvirði 46 milljarðar kr.?*

Kröfurnar eru í eigu ESÍ og hefur ráðuneytið því ekki upplýsingar um það.

3. *Hvert er verðmat ráðuneytisins á 6 milljarða kr. skuldabréfi sem Askar Capital gaf út og Seðlabanki Ísland yfirtók í febrúar 2010?*

Kröfurnar eru í eigu ESÍ og hefur ráðuneytið því ekki upplýsingar um það.

4. *Hvert er mat ráðuneytisins á raunvirði eigna sem fram koma í töflu 2.5 á blaðsíðu 16 í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings 2009?*

Ráðuneytið leggur ekki mat á kröfur í eigu ESÍ.